

Sp.

82. Tillaga til þingsályktunar

[76. mál]

um úttekt á björgunarnetum.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sérfróða menn gera úttekt á notagildi björgunarnets Markúsar B. Þorgeirssonar með það fyrir augum, að séu þetta talin nauðsynleg öryggistæki, þá skuli um það sett ákvæði í reglugerð um öryggismál, að skip skuli búin þessum netum svo og að þau séu tiltæk á hafnar-svæðum.

Greinargerð.

Björgunarnet Markúsar B. Þorgeirssonar hafa vakið verðskuldaða athygli og hlotið hina lofsamlegustu dóma. Telja margir, sem gerst til þekkja í björgunarmálum okkar, að gildi þeirra sé mikið og ótvírátt. Það er álit þeirra, að með því að hafa net þessi í skipum og bátum sé um ótvíráða framför að ræða og í mörgum tilvikum geti netin skipt sköpum.

Öryggi á vinnustöðum er nú mjög til umræðu. Vinnustaður sjómannsins er á hafi úti við misjafnar aðstæður og óbliðar á stundum. Einskis má þar láta ófreistað að öryggi og björgunartæki séu sem allra best. Hversu oft heyrast ekki hörmuleg frétt um að skipverji hafi fallið útbyrðis og þrátt fyrir ítrustu viðleitni hafi allar björgunartilraunir reynst árangurslausar.

Það er skoðun margra, sem í hvívetna má treysta, að einmitt við þessar aðstæður komi björgunarnet Markúsar sannarlega að notum. Úr því þarf að fást skorið óyggjandi, svo gera megi viðeigandi ráðstafanir varðandi reglugerðarsetningu um að björgunarnetin skuli vera um borð í bátum og skipum, ef niðurstöður úttektar verða ótvíráðar í þá átt.

Hið sama gildir um öryggi á hafnar-svæðum. Þar þarf einnig að hyggja vel að hvert notagildi björgunarnetanna gæti verið til að ná mönnum úr sjó. Dómbærir aðilar telja á því engan vafa.

Allt bendir því til þess, að hér eigi skjótt við að bregða og fá um úrskurð, sem tekur af allan vafa.

Hér er of mikið í húfi til að unnt sé að skella við skollaeyrum, og álit flm. er það, að svo sterk rök hnígi að því að taka beri upp björgunarnet Markúsar, að sjálfsagt sé að hreyfa málinu á þann veg, sem þingsályktunartillagan segir til um.

Þar hlýtur að þurfa að koma til tafarlaus úttekt, þar sem svo margir viðurkendir aðilar telja löggildingu sjálfsagða.